

70
15. maí

REGLUGERÐ

um skemmtanaskatt í Miðdalahreppi, Dalasýslu.

1. gr.

Samkvæmt lögum nr. 34 frá 22. nóv. 1918, sbr. lög nr. 30 19. júní 1922 og lög nr. 61 11. júní 1938, skal greiða skatt af skemmtunum fyrir almenning, öðrum en héraðsmótum ungmennafélaga, sem haldnar eru í Miðdalahreppi og aðgangur er seldur að, og ekki eru undanþegnar skatti með lögum.

2. gr.

Þessar skemmtanir eru skattskyldar og flokkast þannig:

1. flokkur:

- a. Hljómleikar og söngskemmtanir.
- b. Sjónleikir.
- c. Kappleikir og íþróttasýningar, sem aðrir en áhugamenn taka þátt í.
- d. Fyrirlestrar og upplestrar.

2. flokkur:

- a. Dansleikir.
- b. Danssýningar.
- c. Loddara- og fjölleikasýningar.
- d. Aðrar skemmtanir, sem aðgangur er seldur að og ekki eru taldar hér.

3. gr.

Af skemmtunum þeim, sem taldar eru í 1. flokki, skal greiða 10% og 20% af skemmtunum í 2. flokki. Ef skemmtun er margþætt, skal miða skattinn við þann þáttinn, sem hæst er skattaður.

4. gr.

Hreppsnefnd Miðdalahrepps hefur eftirlit með því, að reglugerð þessari sé hlýtt, sér um innheimtu skattsins og er heimilt að hafa eftirlit með skemmtunum og sölu aðgöngumiða. Getur hún ráðið til þess sérstakan mann, er nefnist eftirlitsmaður skemmtana.

5. gr.

Hver sá, er halda vill skattskylda skemmtun, skal tilkynna oddvita eða eftirlitsmanni skemmtana, hvar og hvenær hún skuli haldin, og afhenda honum til stimplunar í tæka tíð alla þá aðgöngumiða, er nota á við skemmtunina. Eigi síðar en þrem dögum eftir að samkomu er lokið, skal sá, er fyrir henni stóð, afhenda oddvita eða eftirlitsmanni alla ónotaða aðgöngumiða og greiða um leið skatt samkvæmt 3. gr. af öllum þeim miðum, sem notaðir hafa verið.

6. gr.

Forstöðumaður skemmtunar ber ábyrgð á greiðslu skattgjaldsins. Ef fleiri en einn maður standa fyrir skemmtun, ábyrgist einn fyrir alla og allir fyrir einn, eða, ef um félög er að ræða, þá allir stjórnendur þess á sama hátt.

7. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna til barnaskólasjóðs hreppsins. Reikningar sjóðsins skulu fylgja hreppsreikningum og endurskoðast og úrskurðast með þeim.

8. gr.

70

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum allt að 500 krónum. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar að minnsta kosti tíföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 krónur. Mál, sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögreglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 15. maí 1944.

Einar Arnórsson.

Ragnar Bjarkan.

AUGLÝSING

71

16. maí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Krossavíkurhöfn í Neshreppi utan Ennis, nr. 161 25. september 1942.

1. gr.

Fyrri hluti 15. gr. orðist þannig:

Gjöld fyrir notkun hafnarinnar eru þessi:

Bát agjöld:

Vélbátar um vetrarvertíð, frá 1. jan. til 14. maí	kr. 19.00	fyrir hverja smál.
— — sumarvertíð, frá 14. maí til 24. sept. . .	— 13.00	— — —
— — haustvertíð, frá 24. sept. til 31. des. . .	— 13.00	— — —
Bátar, sem ganga allt árið, greiði	— 39.00	— — —
Bátar frá 6—10 smál. greiði	— 30.00	— — —
Bátar frá 10—20 smál. greiði	— 26.00	— — —

Sjö síðari málsgreinarnar haldist óbreyttar.

2. gr.

Fyrri hluti 16. gr. orðist þannig:

Af vörum, sem fluttar eru í land eða skipað út í vikinni eða því hafnarsvæði, sem greinir í 1. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða gjöld þau, sem hér segir:

1. Af salti, kolum og sementi	kr. 4.50	fyrir hverja smál.
2. — útlendum áburði	— 4.50	— — —
3. — óverkuðum saltfiski	— 4.50	— — —
4. — verkuðum saltfiski	— 5.00	— — —
5. — nýjum fiski	— 2.30	— — —
6. — slægðum flatfiski	— 7.80	— — —
7. — frystum fiski	— 5.50	— — —
8. — þurrum fiskbeinum	— 5.00	— — —
9. — blautum fiskbeinum	— 2.30	— — —
10. — heilfötum (olíufötum)	— 1.00	— stykkið
11. — hálfötum og tónum tunnum	— 0.50	— —
12. — kjöti	— 7.50	— hverja smál.
13. — trjávörum og öðrum vörum, sem reiknast eftir rúmmáli	— 0.15	— hvert ten.fet
14. — öllum öðrum vörum	— 0.65	— hver 100 kg